

LÖG

um breytingu á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Þó má ekki flytja úr landi yngri hross en fjögurra mánaða eða fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.

2. gr.

Á eftir orðunum „hæft til útflutnings með tilliti til“ í 1. másl. 2. gr. laganna kemur: aldurs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Valgerður Sverrisdóttir.